

Hluthafafundur Exista hf.

Haldinn þann 30. október 2008

Hluthafafundur Exista hf. verður haldinn fimmtudaginn 30. október 2008 í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi og hefst fundurinn kl. 13:00.

Dagskrá:

1. Umfjöllun um stöðu og horfur.
2. Heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár.
3. Tillaga um heimild stjórnar fyrir hönd félagsins að undirgangast fjárskuldbindingar sem breyta má í hlutafé í félaginu og heimild til hækkunar hlutafjár í samræmi við það.
4. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
5. Tillaga um afskráningu hluta félagsins úr kauphöll NASDAQ OMX Nordic Exchange á Íslandi.
6. Tillaga um heimild stjórnar til ótakmarkaðrar sölu á eignum félagsins.
7. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundinum skulu vera komnar í hendur stjórnar félagsins með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir hluthafafund. Enn fremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.exista.is frá sama tíma.

Fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 12:00 á fundardegi.

Reykjavík 22. október 2008
Stjórn Exista hf.